

# Hverfisráð Hríseyjar

74. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði í Hlein þriðjudaginn 3. desember 2013 klukkan 16:00. Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Anton Már Steinarsson;

## Dagskrá:

1. Bréf frá áhugahóp um framtíð Hríseyjar tekið fyrir. Ráðið fór yfir alla liði þess. Nú þegar eru mál í vinnslu og hafa verið send í fundargerðum til bæjaryfirvalda. Þau eru m.a.
  - a. Umgengni við áhaldahús hefur verið áréttuð og er rétt að ítreka það aftur hveru illa bærinn gengur um húseign og að ekki hefur verið gengið frá gámasvæðinu eða grenndarstöðvum eins og til stóð.
  - b. Bílflök á bryggjussvæðinu eru ólíðandi, óskum við eftir því að heilbrigðiseftirlitið standi við að fjarlægja bílhæ sem eru á svæðinu, tafarlaust. Ingimar gengur í málið.
  - c. Malbikun á Austurvegi hefur tafist í mörg ár. Anton ætlar að kanna stöðu þeirra mála.
  - d. Hjúkrunarfræðingur hefur komið tvisvar sinnum í haust. Aðstaða hefur verið gerð fyrir heilsugæsluna í Hlein. Ingibjörg ætlar að kanna með nettenginu.
  - e. Málefni sjúkraflutninga hafa lítið þokast en eru í vinnslu.
  - f. Hefting á útbreiðslu lúbínu og kerfils er í vinnslu.
  - g. Uppbygging göngustíga og hátíðarsvæðis er í vinnslu.
  - h. Önnur mál sem koma fram í erindunu mun Hverfisráð taka til skoðunar.
2. Málefni Sparisjóðs Svarfdælinga. Bréf sent til sparisjóðsins.
3. Ekkert hefur bólað á starfi í áhaldahúsið sem Hverfisráð óskaði eftir. Hvar standa þau mál?
4. Umræða um breytingar sem á að fara í áhaldahússbílnum til að hann henti betur í sjúkraflutninga. Anton ætlar að afla upplýsinga.
5. Hverfisráð óskar eftir því að grenndarstöð við Norðaveg 10 verði flutt strax vegan slysahtættu því hún birgir á útsýni yfir gatnamótin. Lögreglan hefur einnig gert athugasemdir við staðsetningu stöðvarinnar.
6. Við lýsum yfir óánægju með að ekki sé búið að byggja í kringum grenndargámana í eyjunni og óskum eftir skýringum á því hvar málið strandar.
7. Hverfisráð óskar eftir formlegum viðræðum við bæjaryfirvöld um starfsemi í Hlein og nýtingu á hússnæðisins.
8. Hverfisráð óskar eftir því að sú hugmynd sem kom fram á fundi ráðsins með bæjarfulltrúm og fleirum þann 25. september 2013 um að fella niður fargjöld í ferjuna í febrúar og mars verði hrint í framkvæmd.

9. Fjarnámssetur, er raunveruleg þörf á því í Hrísey?
10. Bréf vegna fuglatalingar í Hrísey hefur verið sent til umhverfisnefndar.
11. Fjalla um fuglafriðun í Hrísey. Bréf sent til umhverfisnefndar þar sem óskað er eftir því að Hrísey verði gerð að fólkvangi.
12. Íbúafundur með bærarstjóra og bærarfulltrúum boðaður miðvikudaginn 22. janúar 2014 klukkan 17 í Hlein.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:15.

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur